




V. árgangur

WINNIPEG, 1908.

I. blað.

Fundargjörð

Hins fjórða kyrkjupings Íslenzkra Unitara
í Vesturheimi.

Fyrsti fundur.

Föstudaginn, 12. Júní, kl. 2.15 e. h., var hið fjórða þing íslenzkra Unitara í Vesturheimi sett í „Fyrstu Ísl. Unitara-kyrkjunni í Winnipeg.

Athöfnin byrjaði með því að séra Rögnvaldur Pétursson las kafla úr 31. og 43. sálmi Davíðs. Næst söng söngflokkur kyrkjunnar kór og síðan var sunginn sálmurinn Nr. 427 í Nýju-Sálmabókinni. Þar á eftir las séra J. P. Sólmundsson biblíulexíu og Guðm. Árnason flutti bæn. Síðan var sunginn Sálmurinn Nr. 619.

Varaforseti, S. B. Brynjólfsson, sagði þá þing sett og flutti stutt ávarp. Gaf hann stutt yfirlit yfir starf félagsins á síðastliðnum þrem árum, og sagði, að þó við hefðum lítið grætt, beinlínis sem félagsskapur, þá hefðum við grætt óbeinlínis nokkuð mikið. Skýrði hann frá, að séra Rögnvaldur Pétursson hefði starfað um tíma í Foam Lake nýlendunni, og líka ásamt með Guðm. Árnasyni, í Álftavatns og Grunnavatns-